

lýsa alt, sem þau fá borgun fyrir að auglýsa og lögin leggja ekki refsingu við að auglýst sé. Margt fólk álítur, að alt sem er prentað í einhverju blaði, hvort sem það er auglýsing eða eitthvað annað, hljóti að vera sannleikur.

Engri fræðigreini hefir líklega farið eins mikið fram á síðari tímum og læknisfræðinni. Jafnframt því sem lækarnir sjálfir vita margfalt meira um sjúkdóma og orsakir þeirra nú, en þeir gerðu fyrir nokkrum áratugum, hefir þekking á sjúkdómum breiðst út meðal almennings. Þó er fólk hvergi eins óskaplega svikið, og einfaldni þess í engu notuð eins mikið sjálfu því í óhag, og einmitt í öllu því sem lýtur að sjúkdómum og lækningu á þeim.

Lyf eru búin til í hundraðatali og auglýst og seld sem bætur við öllum hugsanlegum líkamlegum meinum, sem hafa sárálitið, eða jafnvel ekkert gildi sem lækningarlyf við nokkrum sjúkdómi. Sum þeirra eru blátt áfram heilsuspillandi, eins og oft hefir verið sannað, vegna þess að í þeim eru efni, sem eru líkamanum óholl, nema þegar sérstaklega stendur á. En verst af öllu eru þau, sem eru auglýst sem óbrigðult ráð við hættulegustu sjúkdómum, sjúkdómum, sem áriðandi er að farið sé með í tíma til góðra lækna. Þó það sé ilt að borga peninga fyrir eitthvað sem er gagaslaust, er margfalt verra að láta ginnast svo af skrami og lygum, að réttra ráða sé ekki leitað í tíma við hættulegum sjúkdómum.

Góðir læknar eru jafnan mjög varfærnir með að lofa bót fyrir en þeir hafa rækilega kynt sér ástand sjúklingsins. En þeir sem gera tilbúning patentmeðala að atvinnu sinni fullyrða, að lyf sín lækni alla sjúkdóma yfirleitt, hvernig sem ástand sjúklingsins sé. Þessar fullyrðingar ginna fólk, sem þráir að fá þær fljótustu bætur sem unt er að fá. Auðvitað eru allar slíkar fullyrðingar og loforð gerð í þeim tilgangi, að fá sem mesta peninga fyrir meðulin. Tilbúningur þeirra er ekkert annað en gróðufyrirtæki, sem lukkast vegna þess að fólk er nógu einfalt til að láta ginna sig með auglýsingaskrumi.

Menn ættu að styðja að því að útrýma þessum ófögnuði, sem auðgar fáa á kostnað fjöldans og gerir mikið ilt, með því að